

# Aðalfundur Foreldrafélags Núps - Fundargerð

**Staður:** Leikskólalóð á Leikskólanum Núps

**Dagsetning:** 30. september 2020

**Tími:** 20:30

**Fundarritari:** Auður

**Mæting,** stjórn: Halldóra, Auður, Kristín Fanney, Engilráð, Magðalena og Ester Ósk. Svana leikskólastjóri, Þórhalla skoðunarmaður reikninga og 9 aðrir foreldrar.

**Dagskrá aðalfundar** → Skýrsla stjórnar, Kristín gjaldkeri fer yfir reikningar, kosning nýrrar stjórnar, kosning skoðunarmanna reikninga, ákvörðun um árgjald, kynning á foreldraráði og að lokum umræður um komandi vetur.

Byrjað var að fara yfir dagskrá fundar og fyrri stjórn kynnt. Farið var yfir helstu viðburði síðasta árs og helstu verkefni stjórnar. Fáir viðburðir voru fyrir áramót eins og fyrri ára. Foreldrafélagið fékk jólasveina til þess að koma á litlu jólin og gefa börnunum gjöf, að þessu sinni var þrautabókin „leitið og finnið“ fyrir valinu. Jólaleikritið „ strákurinn sem týndi jólnum“ var flutt í aðdraganda jólanna og hefur Svana leikskólastjóri alltaf séð um að panta leikritið. Nýtt ár hjá foreldrafélaginu hófst með fimleikafjöri í fimleikasal Fylkis. Mikil ánægja var með Eirík ljósmyndara svo foreldrafélagið fékk hann aftur til að koma í leikskólann og taka myndir af börnum. Dagný danskennari hélt 3 vikna dansnámskeið í stað 6 vikna eins og venjan hefur verið. Foreldrafélagið vildi hafa frekari svigrúm til að stýra viðburðum en samt ekki hætta við dansinn. Skoppa og Skríttla komu í heimsókn í leikskólann í sumar og vöktu þær mikla lukku. Foreldrafélagið gaf leikskólanum hljóðsmíðjur og veggspjald tengd Lubba.

Vegna Covid voru nokkrir viðburðir sem féllu niður. Fræðsluerindi fyrir foreldra um kvíða yngri barna féll til að mynda niður en það átti að vera í samstarfi við foreldrafélagið á Dal. Morgunkaffi starfsmanna á Núpi féll einnig niður þar sem skipulagsdagurinn var færður milli ára. Að lokum var vorhátíð í Guðmundarlundi einnig aflýst, en það var ákveðið að hafa vorhátíð í stað sveitaferðar og fá tölframanninn Einar einstaka til að skemmta börnunum.

Kristín fór yfir rekstrarreikning frá síðasta skólaári og ekkert sem kom á óvart þar. Dansinn var eins og áður kostnaðarsamastur. Eftirstöður reiknings eru 33.297 kr.

Óskað var eftir framboðum í stjórn Foreldrafélagsins fyrir árið 2020-2021. Áfram í stjórn eru: Halldóra (barn á Höfða), Engilráð, (barn á Brekku), Kristín Fanney (börn á Höfða og Hvammi), Ester Ósk (barn á Þúfu), Magðalena (barn á Þúfu) og Auður (börn á Brekku og Hvammi). Bryndís verður fulltrúi kennara. Nýr stjórnarmeðlimur er: Hafdís Helgadóttir (börn á Brekku og Þúfu).

Þórhalla Rein verður áfram skoðunarmaður reikninga.

Allir á fundinum samþykktu að halda árgjaldinu óbreyttu, 5.900 kr. Á fjölskyldu/heimili.

Síðasti dagskrárliður fundarins voru önnur mál og sköpuðust áhugaverðar umræður um breytt landslag á tímum Covid. Ljóst er að við ásamt stjórnendum leikskólans þurfum að vera viðbúin því að breyta viðburðum, hafa þá t.d. úti á lóð skólans eða streyma. Jólagingin frá jólasveinunum í ár verður jafnvel örlítið veglegri en hefur verið, en allir eru sammála um að halda dagskrá og skipulagi en bregðast við eftir þörfum.

- Hákol Logi (Katla á Lundi)- er klippari sem ágætt er að vita af en hann þekkir einnig til Skopp og Skríttlu.
- Hafliði (börn á Brekku og þúfu)- þekkir einar einstaka
- Þóhalla Rein (barn á þúfu)- þekkir skyndihjálparkennara og mælir með Auðnast þegar við skoðum fræðslu fyrir foreldra.

Áður en fundi er slitið kynnir Svana foreldraráð og segir það vera skylduráð í leikskólum. Ráðið tekur þátt í meiriháttar breytingum sem varða skólann eða skólstarfið almennt. Segir frá helstu málefnum og atriðum er varða leikskólans.

Fundi slitið 21:15.

Fyrsti fundur foreldrafélagsins er á dagskrá vikuna 11.-15. Okt.